



Umsögn um frumvarp til laga um sviðslistir
Sendandi: Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks
Lindargötu 6, 101 Rvk.
Netfang; fil@fil.is

Reykjavík, 13. nóvember 2019

150. löggjafarþing 2019–2020.
Þingskjal 305 — 276. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Ágætu þingmenn allsherjar og menntamálanefndar Alþingis,

Félag íslenskra leikara fagnar þessu frumvarpi og þökkum við fyrir að fá tækifæri til að leggja á það mat.

Það er sérlega jákvætt að sjá að starfsemi Íslenska dansflokksins er hér með lögfest og fyrirheit um Þjóðaróperu lofa góðu. Það er líka fagnadarefni að sjá að fagfélög atvinnumanna innan sviðslista skipa nú meirihluta stjórnarmanna innan stjórnarnefnda sem tilgreindar eru í frumvarpi þessu, þ.e. Þjóðleikhúsráð og dansráð. Við bindum vonir við að sami háttur verði hafður á við skipun stjórnarnefndar Þjóðaróperunnar þegar þar að kemur. Það er mikilvægt að Kynningarmiðstöð Sviðslista sé nefnd í frumvarpinu þó við hefðum heldur viljað sjá starfsemi hennar tryggða frekar en óljós fyrirheit.

Við lýsum yfir ánægju með það að þak sé á starfstíma listrænna stjórnenda í þeim stofnunum sem drög þessi varða og að stöðurnar auglýstar í lok hvers skipunartímabils. Við teljum áriðandi að listrænir stjórnendur sækji reglulega umboð sitt, rétt eins ráðamenn þjóðarinnar. Annað sem varðar auglýsingar á störfum listrænna stjórnenda er hvar auglýsingin birtist. Íslenskum listamönnum sem stýra listastofnunum erlendis fjölga sífellt og í fyrri umsögn okkar óskudum við eftir því að umrædd störf yrðu einnig auglýst erlendis, á t.d. norðurlöndunum eða innan evrópska efnahagssvæðisins. Við búum í alþjóða samfélagi og rétt eins og íslenskir listamenn eru ráðnir til að stýra erlendum stofnunum þá gæti það verið eftirsóknarvert að það gengi í báðar áttir.

3. gr.

Helstu verkefni.

Aðalverkefni Þjóðleikhússins er flutningur íslenskra og erlendra leikverka, jafnt eldri verka sem nýrra, og að stuðla að frumsköpun í íslenskum sviðslistum. Verkefnaval skal vera fjölbreytt og tryggt að á hverju leikári séu frumflutt íslensk leikverk og uppsett verk ætluð börnum og ungu fólki. Leikhúsið annast einnig fræðslu- og kynningarstarf og stendur að leikferðum.

Í núgildandi lögum er kveðið á um árlegar leikferðir innan lands sem leikferðir og alþjóðlegt samstarf. „Einnig skulu farnar leikferðir til annarra landa og fengnir til Íslands erlendir listamenn, hvort tveggja eftir því sem aðstæður leyfa.“ Við búum í alþjóðlegu samfélagi og það er afar mikilvægt að Þjóðleikhúsið og listamenn leikhússins hafi tækifæri til þess að bæði sýna list sína erlendis og ekki síður að fá hingað heim nýja alþjóðlega strauma. Við óskum því eftir að þessi bútur úr eldri lögum fylgi nýrri lagasetningu enda ekki um skuldbindandi kvöð að ræða.

4. gr.

Þjóðleikhússtjóri.

Ráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs. Þjóðleikhússtjóri skal hafa háskólamenntun og staðgóða reynslu og þekkingu á sviðslistum og starfssviði leikhúss. Auglýsa skal embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils. Skipa má þjóðleikhússtjóra að nýju til fimm ára en eigi oftár.

Þjóðleikhússtjóri stýrir starfsemi og rekstri Þjóðleikhússins og markar listræna stefnu þess. Hann ræður aðra starfsmenn leikhússins og er í fyrirsvari fyrir það. Þjóðleikhússtjóri situr fundi þjóðleikhúsráðs.

Alla jafna er það eðlilegt að þjóðleikhússtjóri sitji fundi ráðsins. Það geta þó komið upp þær aðstæður að þjóðleikhúsráð velji að funda án viðveru þjóðleikhússtjóra og slíkt verður að vera heimilt.

5. gr.

Þjóðleikhúsráð.

Ráðherra skipar fimm manna þjóðleikhúsráð til fimm ára í senn. Fagfélög sviðslistafólks tilnefna þrjá fulltrúa en ráðherra skipar tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama aðalmann í þjóðleikhúsráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn kynntar fyrir ráðinu. Ráðið setur sér starfsreglur, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þess. Þjóðleikhúsráð vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemi Þjóðleikhússins. Stefna Þjóðleikhússins til þriggja ára og ársáætlun skulu lagðar fyrir þjóðleikhúsráð og ber ráðið ábyrgð á eftirliti með framkvæmd þeirra gagnvart ráðherra.

12. gr.

Listdansráð.

Ráðherra skipar þriggja manna listdansráð Íslenska dansflokksins til fimm ára í senn. Fagfélög sviðslistafólks tilnefna tvo fulltrúa en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama aðalmann í ráðið lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Listdansráð hefur eftirlit með starfsemi Íslenska dansflokksins og veitir ráðherra reglulega umsögn um stefnu og áætlun hans. Ráðið setur sér starfsreglur.

Við fögnum því að fagfólk skipi meirihluta nefndarinnar en óskum vinsamlegast eftir að skilgreint verði betur hver tilnefningaradilinn er. Okkar tillaga er að þetta verði svona; „Fagfélög sviðslistafólks innan Sviðslistasambands Íslands tilnefna ___ fulltrúa...“

6. gr.

Samstarf.

Þjóðleikhúsið skal kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna sviðslistum með listrænan ávinning og fjölbreytni að markmiði.

Leikhúsið skal eftir föngum veita leikfélögum áhugamanna lið og gera sviðslistanemendum kleift að fylgjast með leikhússtarfinu. Leikhúsið stuðlar einnig að listuppeldi og fræðslustarfi í samvinnu við menntastofnanir og gerir nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi leikhússins eftir því sem við verður komið.

13. gr.

Samstarf.

Íslenski dansflokkurinn skal kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna danslist með listrænan ávinning og fjölbreytni að markmiði. Dansflokkurinn stuðlar að listuppeldi og fræðslustarfi í samvinnu við menntastofnanir og gerir nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi dansflokksins eftir því sem við verður komið.

Samstarf er jákvætt og getur oft af sér góða hluti. Við fögnum þessari grein en óskum eftir að rammi sé settur um á hvað grundvelli þetta samstarf á að vera. Að Þjóðleikhúsið og Íslenski dansflokkurinn, líkt og t.d. LR, auglýsi eftir samstarfsaðilum fyrir hvert leikár og að gerðir séu formlegir samstarfssamningar.

12. gr.

Listdansráð.

Ráðherra skipar þriggja manna listdansráð Íslenska dansflokksins til fimm ára í senn. Fagfélög sviðslistafólks tilnefna tvo fulltrúa en ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ekki er heimilt að skipa sama aðalmann í ráðið lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Listdansráð hefur eftirlit með starfsemi Íslenska dansflokksins og veitir ráðherra reglulega umsögn um stefnu og áætlun hans. Ráðið setur sér starfsreglur.

Við köllum eftir samræmi í störfum listdansráðs og þjóðleikhúsráðs. „Þjóðleikhúsráð er stjórnarnefnd Þjóðleikhússins og skulu allar meiri háttar ákvarðanir um leikhúsreksturinn kynntar fyrir ráðinu. Ráðið setur sér starfsreglur, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þess. Þjóðleikhúsráð vinnur með þjóðleikhússtjóra að langtímaáætlun um starfsemi Þjóðleikhússins. Stefna Þjóðleikhússins til þriggja ára og ársáætlun skulu lagðar fyrir þjóðleikhúsráð og ber ráðið ábyrgð á eftirliti með framkvæmd þeirra gagnvart ráðherra.“

Einnig óskum við eftir að þau fagfélög sem vísað er til sem tilnefningaraðila verði fagfélög innan Sviðslistasambands Íslands.

IV. KAFLI

Önnur sviðslistastarfsemi.

15. gr.

Sviðslistaráð.

Ráðherra skipar þriggja manna sviðslistaráð til þriggja ára í senn. Sviðslistasamband Íslands tilnefnir tvo fulltrúa í ráðið en ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Óheimilt er að skipa sama aðalmann í sviðslistaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Innan Sviðslistasambands Íslands eiga fulltrúa fagfélög og allar stofnanir sem koma að sviðslistum á Íslandi. Það er óskynsamlegt að stofnanir á fjárlögum hlutist til um hvaða einstaklingar sitja í því ráði sem stýrir styrkúthlutunum til sjálfstæðra atvinnuleikhópa og leikhúsa. Við óskum eftir að bætt verði inn að Fagfélög innan Sviðslistasambands Íslands tilnefni tvo fulltrúa á móti einum frá ráðherra.

16. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sitt rækir sviðslistaráð meðal annars með því að:

- veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,
- gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára í senn,
- gera tillögu til ráðherra um úthlutunarreglur sviðslistasjóðs, og
- úthluta árlega styrkjum úr sviðslistasjóði.

Hér viljum við bæta við lið a. og er tillaga okkar þessi; Veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess og getur einnig að eigin frumkvæði beint ábendingum og tillögum til ráðherra um leiklistarmálefni.

17. gr.

Sviðslistasjóður.

Hlutverk sviðslistasjóðs er að efla íslenskar sviðslistir og kosta önnur verkefni sem falla undir hlutverk og starfsemi á sviði sviðslista. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, deild atvinnuhópa og deild áhugahópa í sviðslistum. Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára.

Ráðherra setur sviðslistasjóði reglur um auglýsingar, meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum úr sviðslistasjóði er sviðslistaráði heimilt að leita umsagnar fagaðila.

Þóknun fulltrúa í sviðslistaráði og annar kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr sviðslistasjóði. Ákvarðanir sviðslistaráðs eru endanlegar á stjórnarsýslustigi og sæta ekki kærur til ráðherra.

Í núgildandi lögum heitir sambærilegt ráð Leiklistarráð og er kostnaður vegna starfa þess greiddur af ríkissjóði eins og kostnaður vegna Þjóðleikhúsráðs. „*Þóknun fulltrúa í leiklistarráði og annar kostnaður við störf ráðsins greiðist úr ríkissjóði*“

Fjármagn til úthlutunar annar engan vegin eftirspurn og það er eiginlega sorglegt að umsýslukostnaður skuli tekinn af fjármunum ætluðum listamönnum til skapandi starfs. Einlæg ósk okkar er að starfsemi ráðsins verði greidd af ríkissjóði. Einnig er það eindregin ósk okkar að framlög til hátíða og í einhverskonar kynningarstarf eða annað verði ekki tekin af verkefnastyrkjum Sviðslistasjóðs. Finna verður aðra leið til að fjármagna þá liði.

Varðandi deild atvinnmanna og áhugamanna þá biðjum við að þetta sé fullkomlega aðgreint. Starfsemi áhugamanna í sviðslistum er vissulega mikilvæg fyrir samfélagið allt en það hefur ekkert með styrktarsjóð atvinnumanna í sviðslistum að gera. Eftir okkar bestu vitneskju þá er hvorki vilji hjá fagfélögum atvinnumanna né Bandalagi íslenskra leikfélaga (áhugamenn) fyrir þessari samsteypu og kom það fram í fyrra umsagnarferli. Það er því einkennilegt að ekki skuli vera tekið tillit til þess nú og biðjum við um að þetta sé endurskoðað og litið á vilja þess hóps sem lög þessi varða.

18. gr.

Kynningarmiðstöð sviðslista.

Ráðherra er heimilt að setja á fót kynningarmiðstöð sviðslista til að kynna íslenskar sviðslistir hér á landi og erlendis og efla alþjóðlegt samstarf íslenskra sviðslistamanna og stofnana.

Mjög áriðandi er fyrir sviðslistafólk á Íslandi að Kynningarmiðstöð sviðslista verði stofnuð. Ekki síst fyrir sjálfstæða leikhópa þar sem bygging tengslanets og aðstoð við öflun verkefnastyrkja erlendis frá er aðkallandi. Til að sækja fram og afla styrkja og aukins fjármagns erlendis frá til eflingar íslenskra sviðslista og samvinnu við erlenda listamenn og stofnanir þarf Kynningarmiðstöð. Lítil fagfélög sem mörg hver eru rekin nánast í sjálfbodavinnu hafa ekki mannafla í þetta verkefni.

Eins og Kynningarmiðstöð hefur verið kostnaðarmetin er um að ræða 25 – 30 milljónir. Í skýringum með frumvarpinu er þó gefið undir fótinn með að fjármagn til Kynningarmiðstöðvar verði mögulega tekið af því fjármagni sem fyrir er í málaflokknum og erum við því mótfallin. Sú upphæð sem Sviðslistasjóður hefur nú þegar til styrkveitinga þarf frekar að hækka en hitt.

Kynningarmiðstöð og sú mögulega útrás sem hún gæti hleypt af stað er ekki síst mikilvæg fyrir dansheiminn á Íslandi, sem er sú grein sviðslistanna þar sem minnsta atvinnuöryggið er. Slík miðstöð yrði mikilvæg gátt út í heim fyrir íslenskt sviðslistafólk sem nú starfar á afar litlum markaði. Við þurfum að stækka markaðinn enda búum við í alþjóða samfélagi og það ætti að vera viðmiðið. Samstarf við erlenda aðila er lítið og gæti öflug upplýsingamiðlun, tengslamyndun og aðstoð við styrkjaumsóknir, norrænar og evrópskar, aukið slíkt samstarf og samvinnu verulega.

Í stað þess að segja „ráðherra er heimilt“ ættu hæstvartir þingmenn að segja í nýjum og metnaðarfullum Sviðslistalögum „ráðherra skal“ Alþjóðlegur dagur leiklistarinnar er þann 27. mars ár hvert og við myndum fagna opnun Kynningarmiðstöðvar Sviðslista á þeim degi árið 2020.

Fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra leikara og sviðslistafólks

Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri FÍL